

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	20.3.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	24. nóvember 2020
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir/Bryndís Eva Sverrisdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga að breytingum á Reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð
Þjónustubáttur:	Fjárhagsaðstoð
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	67 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Markmiðið með breytingum á Reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er í meginatriðum að auka stuðning við þá sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda m.a. að auka fjárhagsaðstoð til foreldra með börn á framfæri, að skerðing á fjárhagsaðstoð foreldris bitni ekki á börnum, breyting verði á frádrætti vegna tekna þeirra sem ljúka endurhæfingu og að upphæð sérfræðiaðstoðar og útfararstyrks verði hækkuð.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, tillagan snýr að foreldrum óháð kyni og aðrar breytingar lúta að öllum þeim einstaklingum sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda hverju sinni.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Einstaklinga, börn og barnafjölskyldur sem fá fjárhagsaðstoð.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Helsta breytingin á reglum um fjárhagsaðstoð lýtur að því að auka og tryggja aðstoð við foreldra barna sem nýta dagforeldra, leikskóla, skólamáltíðir og frístundastarf hjá Reykjavíkurborg. Einnig er verið að hækka ákveðnar fjárhæðir sem lúta að heimildargreiðslum t.d. sérfræðiaðstoð. Breytingarnar snerta bæði einstaklinga og fjölskyldur og öll kyn.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.